
Stækkun flugvallar í landi Skaftafells 2/Freysness Ákvörðun um matsskyldu

Inngangur

Þann 12. október 2016 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Atlantsflugi ehf. um fyrirhugaða breytingu á flugvelli í landi Skaftafells 2/Freysness í Sveitarfélaginu Hornafirði samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 10.06 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Sveitarfélagsins Hornafjarðar, Ferðamálastofu, Heilbrigðiseftirlits Austurlands, Landgræðslu ríkisins, Minjastofnunar Íslands, Samgöngustofu og Umhverfisstofnunar.

Gögn lögð fram

Tilkynning vegna stækkunar flugvallar í landi Skaftafells 2/Freysnes. (Deiliskipulag fyrir flugvöll í landi Skaftafells 2/Freysnes í Austur-Skaftafellssýslu, umhverfisskýrsla.)

Umsagnir bárust frá:

- Sveitarfélaginu Hornafirði með bréfi dag. 27. október 2016.
- Heilbrigðiseftirliti Austurlands með bréfi dags. 22. október 2016.
- Minjastofnun Íslands með bréfi dag. 25. október 2016.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 19. október 2016.

Fyrirhuguð framkvæmd

Í gögnum með tilkynningu Atlantsflugs ehf. kemur fram að framkvæmdin sé fyrirhuguð í landi Skaftafells 2 Freysness. Flugvöllur hafi verið starfræktur yfir sumarmánuðina síðan 1994. Tvær flugbrautir séu á svæðinu, 600 og 1000 m að lengd. Á svæðinu sé afgreiðslu- og starfsmannahús. Flugvöllurinn hafi síðan 2006 haft viðurkenningu og starfsleyfi Samgöngustofu sem einkaflugvöllur og hafi fasta alþjóðlega skráningu.

Í greinargerð Atlantsflugs ehf. kemur fram að fyrirhugað sé að lengja lengri flugbrautina um 500 m til suðurs. Einnig sé fyrirhugað að reisa nýjar byggingar á svæðinu, þ.e.a.s. flugstöð sem muni rýma þjónustu, aðstöðu fyrir starfsmenn og flugskýli. Öll mannvirki verði tengd sérstakri rotþró skv. ákvæðum reglugerðar um fráveitu bygginga. Fyrirhugað sé að nota flugvöllinn til útsýnisflugs og ekki sé áformað áætlunarflug á svæðinu. Framkvæmdin kallar á nýja tengingu við þjóðveg 1 fyrir aðkomu að flugvöllinum.

Umhverfisáhrif

Í greinargerð Atlantsflugs ehf. er fjallað um áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar og lögð er áhersla eftirfarandi umhverfisþætti: náttúru og landslag, sjónræn áhrif og upplifun, áhrif á gróður og fuglalíf, áhrif á fornleifar og menningarminjar, áhrif á landnotkun, samfélag og öryggismál og loks á útivist og ferðamennsku.

Náttúra og landslag, sjónræn áhrif og upplifun.

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að núverandi flugbrautir, fyrirhuguð lenging og tengdar byggingar séu staðsettar á gróðurlitlum jökulaurum mynduðum úr mól og steinum sem skriðjökklar og jökulár hafi borið með sér.



Engrar efnistöku sé þörf vegna framkvæmdarinnar þar sem melurinn verði sléttaður á flugbrautarsvæðinu.

Fram kemur að nokkur aukning verði í starfsemi flugvallarins á ársgrundvelli. Flugvöllurinn er starfsræktur allt árið og verði sem mest 8 flugtök og landingar á dag. Að jafnaði verði 4 flugtök og landingar á dag á tímabilinu frá 1. febrúar til 30. nóvember. Lítils háttar aukning verði í bílaumferð.

Það er mat framkvæmdaraðila að nýja flugbrautin og tengd mannvirki verði lítt áberandi á víðáttumiklum jökulaurnum og áhrif á hljóðvist vegna framkvæmdarinnar verði óveruleg.

Landnotkun, samfélag og öryggismál.

Fram kemur að framkvæmdarsvæðið sé sunnan við Þjóðveg 1 og rétt vestan við Skaftafellsá. Fyrir sé malarflugvöllur og hús með starfsmannaaðstöðu, sem staðsett hafi verið þar í u.þ.b. 25 ár. Flugvöllurinn hafi verið notaður sem neyðarflugvöllur í náttúruhamförum og muni áfram nýtast sem slíkur.

Samkvæmt framkvæmdaraðila mun uppbygging á flugvelli og mannvirkjum honum tengdum hafa jákvæð áhrif á samfélagið og styrkja núverandi rekstur á útsýnisflugi. Framkvæmdirnar muni stuðla að rekstraröryggi fyrir flugvöllinn sem og öryggi gesta Vatnajökulsþjóðgarðs ef slys eða veikindi beri að höndum eða veigamikilla björgunaraðgerða verði þörf.

Ný tenging aðkomuvegar verði við Þjóðveg 1 um 50 m austar en núverandi tenging við veginn. Samráð hafi verið haft við Vegagerðina um þessa framkvæmd.

Eftirlit með starfseminni verði á hendi Heilbrigðiseftirlits Austurlands, þar með talið eftirlit með olíuskiljum á áfyllingarplani. Sveitarfélagið muni vakta fráveitumannvirki.

Fram kemur að breytingar á flugvellinum séu staðfestar í deiliskipulagi fyrir svæðið og í samræmi við landnotkun í Aðalskipulagi Hornafjarðar 2014 - 2030.

Gróður og fuglar.

Í tilkynningu framkvæmdaraðila kemur fram að flugvöllurinn sé að mestu leyti á gróðursnauðum melum og því muni ný mannvirki hafa lítil áhrif á gróðurfar. Á svæðinu hafi sést mófuglar, sjófuglar og ránfuglar, en þar séu þó engin varpsvæði.

Fyrirhuguð framkvæmd sé í beinu framhaldi af núverandi flugbraut og nærliggjandi svæði sé þegar raskað vegna flugvallarstarfsemi. Áhrif á gróður og fuglalíf séu því talin óveruleg.

Fornleifar og menningarminjar.

Fram kemur í skýrslu framkvæmdaraðila að engar fornleifar séu skráðar í nágrenni flugvallarins. Þetta er staðfest í umsögn Minjastofnunar Íslands sem bendir þó á 2.mgr. 24 gr. laga um menningarminjar ef minjar finnast á framkvæmdatíma.

Útivist og ferðamennska.

Fram kemur að flugvöllurinn verði notaður fyrir útsýnisflug. Uppbygging á flugvallarstarfsemi muni hafa jákvæð áhrif á útivist og ferðamennsku á svæðinu þar sem sá árstími sem mögulegt verði að stunda útsýnisflug muni lengjast.

Þeir umsagnaraðilar sem gáfu umsögn varðandi matskyldu framkvæmdarinnar telja að framkvæmdin sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og sé því ekki matskyld.



Skipulag og leyfisveitingar

Skipulagsstofnun veur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi og byggingaleyfi Sveitarfélagsins Hornafjarðar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 722/2012 og skv. lögum um mannvirki nr. 160/2010, sbr. reglugerð um byggingarleyfi nr. 112/2012. Einnig starfsleyfi Heilbrigðisnefndar Austurlands skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Framkvæmdin er í samræmi við gildandi aðalskipulag og deiliskipulag.

Niðurstaða

Um er að ræða 500 m lengingu flugbrautar á flugvelli í landi Skaftafells og uppbyggingu mannvirkja fyrir flugfarþega, starfsmenn og flugvélar. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10.06 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Fyrirhuguð framkvæmd verður á svæði sem þegar er raskað af núverandi starfsemi. Lenging flugbrautarinnar verður á gróðurlitlum jökulaur þar sem sést hafa mófuglar, sjófuglar og ránfuglar en ekki séu þekktir varpstaðir og áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á náttúrufar teljast verða óveruleg. Lenging flugbrautarinnar og tengd mannvirkjagerð á flugvelli eru ekki líkleg til að auka umtalsvert þau sjónrænu áhrif sem stafa af núverandi mannvirkjum og áhrif á hljóðvist vegna aukningar í flugumferð teljast verða óveruleg. Fyrir liggur að litlar líkur eru á að fornleifar séu á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Skipulagsstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Atlantsflugs ehf. við tilkynningu og umsagnir. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð breyting á flugvelli í landi Skaftafells 2 Freysness í Sveitarfélaginu Hornafirði sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif með tilliti til eðlis framkvæmdarinnar, staðsetningar hennar og eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 12. desember 2016.

Reykjavík, 9. nóvember 2016

Hólmfríður Bjarnadóttir

Sigmar Arnar Steingrímsson